

**Borgarráð**  
**16. ágúst 2018**

**Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um hagsmunaskráningu embættismanna hjá Reykjavíkurborg**

Lagt er til að æðstu embættismenn Reykjavíkurborgar birti hagsmunaskráningu sína á vef Reykjavíkurborgar, rétt eins og kjörnir fulltrúar, enda er það í anda gagnsæis og vandaðrar stjórnsýslu.

Greinargerð:

Æðstu embættismenn borgarinnar koma að ákvörðunum sem varða stór verkefni, framkvæmdir, samstarfssamninga, kaup og sölu fasteigna svo eitthvað sé nefnt. Með hliðsjón af þeirri staðreynd er eðlilegt að þeir, rétt eins og kjörnir fulltrúar, skrái hagsmuni sína þannig að þeir verði gerðir aðgengilegir á vef Reykjavíkurborgar. Þetta er í anda opinnar og vandaðrar stjórnsýslu.